

**51. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis
haldinn í Glerárskóla 1.11.2011.**

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Óskar Ingi og Helgi Stefánsson.

Fundarefni.

Fundur með stjórnýslunefnd.

Berglind og Brynja mættu fyrir hönd hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis og sögðu þeim Óskari og Helga frá málefnum fundarins.

Á fundinn voru einnig mættir fulltrúar frá Naustahverfi og fulltrúar frá Lunda- og Gerðahverfi. Sigríður Stefánsdóttir framkvæmdastjóri afmælisnefndar Akureyrarbæjar sagði frá hugmyndum/vinnu varðandi 150 ára afmæli bæjarins á næsta ári. Óskaði hún jafnframt eftir hugmyndum frá hverfisnefndunum og þeirra aðkomu að afmælinu. Ýmis málefni voru svo rædd á milli hverfisnefndanna og fulltrúanna í stjórnýslunefndinni. Varð úr góð umræða um ýmis mál.

Ræddum við ýmsar tillögur um það hvernig hverfisnefndin mun koma að afmælinu og/eða taka þátt í því og frekari ákvarðanir verða ræddar á næstu fundum.

Ítrekað erindi til framkvæmdamiðstöðvar Akureyrarbæjar.

Svar barst frá Bergi Þorra Benjamínssyni fulltrúa þann 31.10.2011, þar sem segir orðrétt:

Verkefnafundur framkvæmdadeildar hefur á fundi sínum þann 20. október 2011 gert eftirfarandi bókun:

Lagaðar voru fram ályktanir frá aðalfundi Hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis þann 3 maí 2011..

Bréfiturum er þökkuð áblendingaarnar og verða þær teknar til skoðunar.

Skólaráðsfundur í Glerárskóla.

Berglind situr fundi sem fulltrúi hverfisnefndar og sat fund þann 12. október 2011. Komu 2 atriði til kasta hverfisnefndar og er búið að leysa úr þeim á þessu stigi málsins. Skýrði Berglind frá því í hverju það fólst.

Erindi varðandi framkvæmdir við Undirhlíð ítrekað

Hverfisnefnd ákvað að ítreka erindi til bæjarstjóra Akureyrar Eiríks Björns Björgvinssonar og formann skipulagsnefndar Helga Snæbjarnarsonar. Erindið var sent í tölvupósti þann 23. maí 2011 vegna framkvæmda SS byggingafyrirtækis við Undirhlíð.

Ítrekun verður send og einnig afrit til Dagnýjar tengiliðs hverfisnefndar.

Skoðun á Furu ehf.

Nefndarmenn fóru á verksvæði Furu ehf. þann 18. október s.l. til að skoða aðstöðu og fá yfirlit yfir starfsemina hjá Gunnari Garðarssyni starfsmanni. Nefndin sér enga ástæðu til neinna athugasemda að svo stöddu en fylgst verður með framhaldinu.

Undirgöng.

Brynja athugaði hvert ætti að sækja leyfið til að mála undirgöngin. Dagný Harðardóttir tengiliður hverfisnefndar vísaði á Vegagerðina og mun Óskar taka að sér að kanna málið nánar.

Leikskólinn Hlíðarból heimsóttur.

Berglind heimsótti leikskólann, kynnti hverfisnefndina og starfsemi hennar. Þá óskaði hún eftir að starfsmenn sendu okkur tillögur um hverfið okkar ef einhverjar væru.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 6. des. 2011 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 1. nóvember 2011

Brynja Sig.